



Alþingi
Erindi nr. P 143/1831
komudagur 13.5.2014

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Alþingi
b.t. stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar
Austurstræti 8 - 10
150 Reykjavík

Reykjavík 13. maí 2014

1404028SA GB/TP
Málalykill: 401

Efni: Frv. til laga um ríkisendurskoðanda og ríkisendurskoðun - 488. mál 143. lp.

Ofangreint frumvarp barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis dags. 15. apríl sl. Um er að ræða heildarendurskoðun á gildandi lögum um Ríkisendurskoðun.

Almennt um þingmálið

Til efni endurskoðunarinnar er lýst í greinargerð með frumvarpinu og er þar lögð áhersla á að styrkja þurfi eftirlit þingsins með framkvæmdavaldi ríkisins.

Taka ber undir að ástæða sé til þess að styrkja stofnanir Alþingis, þ.e. ríkisendurskoðun og umboðsmann, í þessu skyni. Samhliða ber einnig að styrkja sjálft löggjafarstarfið og aðbúnað þingnefnda. Að mati sambandsins hefur á umliðnum árum orðið jákvæð þróun í starfsemi þingnefnda þar sem þær hafa orðið sjálfstæðari. Þá ber mun meira á því nú en áður að nefndir neyti frumkvæðisréttar og flytji frumvörp og þingsályktunartillögur um málefni sem vakið hafa athygli þingsins eða komið í ljós þegar þingið rækir eftirlitshlutverk sitt.

Sambandið hefur hins vegar bent á að þessi háttur á löggjafarstarfi bjóði upp á tilteknar hættur, m.a. að áhrif frumvarpa á útgjöld ríkis og sveitarfélaga séu ekki metin með formlegum hætti. Mikilvægt er að tryggja, annaðhvort með aðkomu ráðuneyta, eða ráðningu sérfræðinga á nefndasviði Alþingis, að sömu kröfur séu gerðar til undirbúnings og gæða þingmála, hvort sem þau eru flutt af ráðherra, þingnefnd eða einstökum þingmönnum.

Vaxandi skilningur er á þessu viðfangsefni sbr. tillögu til þingsályktunar sem nú er til meðferðar hjá stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd (67. mál). Sambandið hvetur til þess að tillagan nái fram að ganga á yfirstandandi þingi.

Sá vandi að kostnaðaráhrif frumvarpa sé ekki metinn getur m.a. haft þýðingu fyrir starfsemi ríkisendurskoðunar, en stofnunin hefur í vaxandi mæli tekið afstöðu til þess við úttektir á ríkisstofnunum, hvort fjárveitingar standi undir lögbundnum verkefnum þeirra. Áriðandi er að ríkisendurskoðun verði ekki sett í þá stöðu að trúnaður stofnunarinnar við löggjafann litist af því hvaðan frumkvæðið kemur að þeim verkefnum sem eftirlitið beinist að, ef áhöld eru um hvort þau séu nægjanlega fjármögnuð.

Á það er einnig bent að eftirlit ríkisendurskoðunar hefur í auknum mæli beinst að því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum sem gerðar hafa verið, sbr. niðurlag 6. gr. frv. Slíkar áætlanir hafa sjaldnast sömu stöðu og sett lög en geta verið ígildi reglugerða, sbr. meðal annars námskrár sem gefnar eru út fyrir skólastigin.



Þá hefur færst í vöxt að margvíslegar áætlanir séu settar fram sem þingsályktunartillögur, sbr. til dæmis framkvæmdaáætlun í málefnum fatlaðs fólks sem samþykkt var 2012. Hafa ber í huga hvað þessa áætlun varðar sérstaklega að ríkisendurskoðun gaf Alþingi ítarlega skýrslu í ágúst 2010 (*Þjónusta við fatlað fólk*). Skýrslan var unnin í aðdraganda yfirfærslu á málaflokknum frá ríki til sveitarfélaga og var m.a. reynt að leggja mat á það hvort þjónusta við fatlaða væri skilvirk og árangursrík og hvort hagkvæmara væri að ríki eða sveitarfélög veiti þjónustuna. Ekki reyndist þó unnt að komast að ákveðinni niðurstöðu í því efni.

Ríkisendurskoðun vinnur um þessar mundir að eftirfylgniskýrslu með umræddri skýrslu frá ágúst 2010 og mun þar að líkindum leggja mat á aðgerðir skv. framkvæmdaáætlun frá 2012. Mikilvægt er að þetta mat sé hlutlægt og auk annars byggt á því til hvaða útgjaldaauka hafi verið stofnað fyrir ríki og sveitarfélög með því að Alþingi samþykkti þær aðgerðir sem framkvæmdaáætlunin gerir ráð fyrir.

Um skoðunarheimildir ríkisendurskoðunar gagnvart sveitarfélögum

Þegar málefni Sveitarfélagsins Álftaness voru til umfjöllunar í kjölfar efnahagskreppunnar, var þeirri spurningu velt upp hvort ráðuneyti sveitarstjórnarmála gæti leitað eftir aðstoð ríkisendurskoðunar við að rannsaka og greina fjárhagslega stöðu sveitarfélaga sem og lögmæti fjárhagslegra ákvarðana þeirra.

Svarið við þessari spurningu var að sveitarfélögin sem slík heyrðu ekki undir eftirlitshlutverk stofnunarinnar, en að tilteknir þættir í fjárreiðum þeirra gætu komið til skoðunar í tengslum við hlutverk ríkisendurskoðunar sem endurskoðanda Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga (JS).

Þá geti ríkisvaldið sett sveitarfélögum í fjárhagskröggum skilyrði fyrir björgunarframlögum og í því sambandi kallað eftir athugunum og rannsóknum á fjárhag þeirra fyrir tilstilli eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga (EFS) og eftir atvikum JS. Ríkisendurskoðun geti þá, í ljósi síns lögbundna hlutverks, tekið að sér fjárhagsathuganir á grundvelli samnings við hlutaðeigandi aðila.

Eins og lesa má um í skýrslu ríkisendurskoðunar frá júlí 2010 (*Athugun á fjárhagsstöðu Sveitarfélagsins Álftaness*) lá að baki þeirri rannsókn ákveðið samkomulag sem sveitarfélagið gerði við EFS í desember 2009. Þá var gerður samningur milli ríkisendurskoðunar og samgöngu- og sveitarstjórnar-ráðuneytis og EFS um að stofnunin skuli meta „hvaða einstakar ákvarðanir stjórnenda hafi leitt sveitarfélagið í þá fjárhagslegu stöðu sem það er nú í, hvort umræddar ákvarðanir hafi verið í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga og hvort upplýsingaskyldu hafi verið sinnt með lögmætum hætti.“

Ofangreind afmörkum á skoðunarheimildum stofnunarinnar virðist vera í samræmi við það sem tíðkast í nágrannalöndum, sbr. að danska ríkisendurskoðunin hefur einungis aðgang að bókum sveitarfélaga að því marki sem ríkið lætur í té sérstök framlög til einstakra verkefna eða endurgreiðir sveitarfélögum útgjöld þeirra með beinum hætti.



Þegar um er að ræða stærri rannsóknir sem taka til heilla málefnasviða virðast Danir miða við að samkomulag sé gert milli ríkisendurskoðunar og hluteigandi sveitarfélaga um þátttöku þeirra í rannsókninni. Sjá nánar meðf. minnisblað.

Í Danmörku er fjárhagslegri jöfnun milli sveitarfélaga náð fram með almennum framlögum til rekstrar þeirra (bloktilskud). Danska ríkisendurskoðunin fer í gegnum útreikning og útgreiðslu ráðuneyta á þessum framlögum en það hvernig sveitarfélögin verja framlaginu fellur ekki undir skoðunarheimildir ríkisendurskoðunar.

Hliðstæð nálgun hefur verið við lýði hérlendis sbr. skýrslu sem ríkisendurskoðun hefur nýlega (mars 2014) skilað Alþingi um það efni. Í skýrslunni vekur stofnunin þó athygli þingsins á því að heildarendurskoðun regluverks JS standi yfir. Meðal þess sem þar hefur verið rætt er að ríkisendurskoðun fái aukið hlutverk við endurskoðun á fjármálum og stjórnábyrgð sveitarfélaga sem m.a. nái til eftirlits með ráðstöfun þeirra fjármuna sem sveitarfélögin fá í sinn hlut við verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið hefur fyrir sitt leyti ekki tekið undir slíkar hugmyndir og talið að fremur eigi að leggja áherslu á skýrari verkferla við uppgjör á hluta sveitarfélaganna í staðgreiðslunni. Þar eigi ríkisendurskoðun að skrifa upp á að rétt sé að verki staðið við útreikning á skiptingu staðgreiðslu milli ríkis og sveitarfélaga.

Jafnframt hefur verið nefnt að styrkja beri þá endurskoðun sem fram fer á vettvangi sveitarstjórna. Enda þótt lög mæli ekki fyrir um skyldu til þess að viðhafa innri endurskoðun hafa sveitarfélög í auknum mæli tileinkað sér slíka aðferðafræði, m.a. Reykjavíkurborg og Kópavogsbær. Þá hafa sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu komið sér upp vísi að innri endurskoðun vegna þjónustu við fatlað fólk, að frumkvæði Hafnarfjarðarbæjar.

Athugasemdir við einstakar greinar

Um 3. gr.:

Eins og að framan er nefnt er það liður í úttektum ríkisendurskoðunar á ríkisstofnunum hvort fjárveitingar standi undir verkefnum þeirra. Nefna má í dæmaskyni nýlega skýrslu til Alþingis um Matvælastofnun (nóvember 2013) þar sem sú niðurstaða kemur fram að innleiðing nýrrar löggjafar hafi aukið umsvif og útgjöld MAST en að stofnunin hafi þó ekki fengið viðbótarfjárveitingar vegna þessa árin 2011 – 2013. Ennfremur segir:

Mikil fjölgun verkefna samhliða hagræðingarkröfu sem gerð hefur verið til Matvælastofnunar síðustu misseri hefur hamlað því að hún hafi getað sinnt lögbundnum verkefnum sínum með ásættanlegum hætti. Það hefur m.a. átt þátt í að draga úr trausti eftirlitsskyldra aðila og annarra hagsmunaaðila til hennar og skapa styr um starfsemina.

Umrædd fjölgun verkefna hefur snert sveitarfélögin með beinum hætti þar sem búfjárefnirit fluttist frá sveitarfélögum til MAST með setningu nýrra laga sem tóku gildi um síðustu áramót. Í lagasetningarferlinu var uppi töluverður



ágreiningur var uppi milli ríkis og sveitarfélaga um það hversu mikið fjármagn ætti að flytjast með þessum verkefnum og hélt sambandið því m.a. fram að ríkið hygðist senda sveitarfélögum reikninginn vegna nýrra verkefna í þjónustu við greinar landbúnaðarins.

Áríðandi er að lög um ríkisendurskoðun styðji stofnunina við að greina samhengi lögákveðinna verkefna og fjármögnunar þeirra. Af þeirri ástæðu leggur sambandið til að aftast í 1. mgr. 3. gr. frv. komi nýr málslíður svohljóðandi:

Eftirlit ríkisendurskoðanda beinist einnig að því að stofnanir ríkisins geti sinnt lögbundnum verkefnum sínum með forsvaranlegum hætti.

Um 4. gr.:

Í d-lið frumvarpsgreinarinnar er vísað til „þjónustusamninga sem gerðir eru við sveitarfélög“. Fram kemur í athugasemdum að um sé að ræða einföldun frá orðalagi gildandi laga sem taka til samninga um rekstrarverkefni sem fela í sér að sveitarfélög eða aðrir „annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir“.

Að mati sambandsins getur slík einföldun á lagatexta reynst tvíbent í ljósi þess að um margskonar samninga er að ræða, sbr. m.a. umfjöllun um 40. gr. frv. til laga um opinber fjármál (508. mál yfirstandandi löggjafarþings) sem ætlað er að leysa af hólmi ákvæði gildandi 30. gr. fjárreiðulaga.

Tillaga í frv. um opinber fjármál tekur þannig til þriggja tegunda samninga: (1) um framkvæmdir, (2) um rekstur og (3) um afmörkuð verkefni. Þá eru fleiri tegundir samninga við lýði milli ríkis og sveitarfélaga og má þar nefna samstarfssamninga, þar sem ráðuneyti og sveitarfélög koma sameiginlega að því að þróa þjónustu sem ekki telst lögbundin. Nokkuð hefur borið á slíkum samningum um ákveðna þætti velferðarþjónustu til tiltekinna hópa notenda.

Þá má einnig nefna samninga um yfirfærslu verkefna frá ríki til sveitarfélaga. Samningar af því tagi byggjast að öllu jöfnu á sérstökum lagaheimildum sem mæla fyrir um að sveitarfélög verði í senn þjónustuveitendur og stjórnvöld í tilteknum málaflokki, sbr. m.a. málefni fatlaðs fólks.

Einungis hluti þeirra samninga sem hér eru nefndir verða felldir undir hugtakið „þjónustusamningur“ eins og það er almennt skilgreint. Því þarf 4. gr. frv. að greina nánar hvaða skoðunarheimildir ríkisendurskoðun eigi að hafa gagnvart ólíkum tegundum samninga, eða hvort meginreglan eigi að vera sú að stofnunin hafi heimild til þess að greina árangur af öllum samningum milli ríkis og sveitarfélaga.

Sambandið telur ýmislegt mæla með því að ríkisendurskoðun hafi tiltölulega rúmar heimildir í þessu tilliti og geti m.a. lagt mat á árangur af verkefnaflutningi milli ríkis og sveitarfélaga enda þótt verkefni séu fjármögnuð með útsvarshækkun hjá sveitarfélögum og snúi því ekki að nýtingu „ríkisfjár“ í eiginlegri merkingu.

Með sama hætti myndi skoðunarheimild ríkisendurskoðunar ná til samstarfssamninga um ólögfest verkefni og geta bætt úr misbresti sem iðulega



hefur orðið á því að formleg úttekt fari fram á slíkum samningum af hálfu ráðuneyta við lok samningstíma.

Um 6. gr.:

Í þessari grein er fjallað um stjórnsluendurskoðun og felast í henni nokkur nýmæli frá gildandi lögum.

Tekið er af skarið um að stjórnsluendurskoðun geti m.a. falið í sér tillögur að „skýrari ábyrgð“ sbr. lýsingu á hlutverki ríkisendurskoðanda í 3. gr. frv. Lýst er yfir sérstakri ánægju varðandi þessa tillögu enda hefur sambandið lagt áherslu á að greina óljós ábyrgðarskil á milli ríkis og sveitarfélaga, sérstaklega á sviði velferðarþjónustu. Hjálaga er yfirlit sem sambandið hefur tekið saman um það efni, stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd til upplýsingar.

Nýmæli er einnig að greinin vísar til nýtingar „ríkisfjár“ og er það gert til þess að undirstrika að ríkisendurskoðanda sé ætlað að hafa – í umboði Alþingis – eftirlit með fjárhagslegum hagsmunum ríkisins.

Eins og vikið er að hér á undan kann að þurfa að skilgreina hugtakið „ríkisfé“ í þessu samhengi auk þess sem áréttað er að stjórnsluendurskoðun hlýtur eðli málsins samkvæmt að snúast um almannahagsmuni í víðum skilningi. Sérgreindir hagsmunir ríkisins, sem eigandi tiltekinna verðmæta svo sem jarða eða einkaréttarlegra félaga, geta verið af öðrum toga. Samkvæmt 44. gr. áðurnefnds frv. til laga um opinber fjármál, er eigendastefnu ríkisins m.a. ætlað að greina á milli sérgreindra hagsmuna og almannahagsmuna. Sú aðgreining myndi einnig eiga við um félög sem kunna að vera í sameign ríkis og sveitarfélaga.

Í lokamálslið greinarinnar kemur fram að stjórnsluendurskoðun geti einnig tekið til mats á því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála. Hér er um efnislega óbreytt ákvæði að ræða frá gildandi lögum, en vakin er athygli á því að tilvísun til „stjórnvalda“ getur valdið vafa um hvaða heimildir séu til þess að framkvæma umhverfisendurskoðun gagnvart sveitarfélögum. Leggur sambandið til orðalag: stjórnvalda ríkisins.

Í kjölfar tilkomu alþjóðlegra skuldbindinga á sviði umhverfismála hefur mátt merkja svipaða þróun í félagslegum skuldbindingum af ýmsu tagi, m.a. um aðgerðir gegn undirboðum á vinnumarkaði (social dumping). Sambandið telur rétt að löggjafinn taki afstöðu til þess hvort og þá að hvaða marki stjórnsluendurskoðun eigi að meta frammistöðu gagnvart slíkum skuldbindingum.

Um 8. gr.:

Hér er um gjaldtökuheimild að ræða og felst nýmæli í 2. mgr. Í athugasemdum með greininni er m.a. vísað til fyrrgreindrar skýrslu um málefni Svf. Álfтанess sem ríkisendurskoðun mun hafa innheimt gjald fyrir.

Sambandið leggst út af fyrir sig ekki gegn 2. mgr. en varar við því að mun líklegur er að heimild af þessu tagi snerti málefni sveitarfélaga en ríkisaðila.



Af þeirri ástæðu er farið fram á að við málsliðinn bætist: samkvæmt samningi við hlutaðeigandi aðila.

Um 10. gr.:

Í 3. mgr. 10. gr. er skoðunarheimildum ríkisendurskoðunar gagnvart sveitarfélögum lýst með svipuðum hætti og í 2. mgr. 7. gr. gildandi laga.

Eins og áður er rakið hafa komið upp álitaefni um þessa lýsingu, m.a. gagnvart því fé sem rennur í gegnum Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Til nánari skýringar og með hliðsjón af danskri framkvæmd leggur sambandið til að 3. mgr. 10. gr. frv. fjalli einungis um reikningsskil sveitarfélaga og orðist svo:

Útreikningur á jöfnunarframlögum til sveitarfélaga fellur undir skoðunarheimildir ríkisendurskoðanda sem og hvernig staðið er að útgreiðslu þeirra og skilum ríkisins á öðrum tekjum sveitarfélaga. Ríkisendurskoðandi getur skoðað reikningsskil sveitarfélaga að því leyti sem þau varða sameiginlega starfsemi ríkis og sveitarfélaga, þar á meðal verkefni sem færð hafa verið milli stjórnsýslustiga.

Skoðunarheimildir gagnvart stofnunum og félögum sem ríkissjóður á hlut í komi síðan fram í 4. mgr.

Um 16. gr.:

Greinin lýsir upplýsingagjöf ríkisendurskoðunar en einskorðast við formleg viðbrögð við málum.

Stofnunin hefur á umliðnum árum bætt mjög óformlega upplýsingagjöf, m.a. með því að birta upplýsingar um málefni sem eru í vinnslu og hvenær niðurstaðna og skýrsla sé að vænta.

Upplýsingar af þessu tagi eru mjög gagnlegar fyrir margvíslega stefnumörkunarvinnu. Að mati sambandsins er ástæða til þess að setja inn stoð fyrir þessa upplýsingagjöf annað hvort í 16. gr. eða þeirri 18. þar sem tengja mætti saman starfsáætlun stofnunarinnar, þau verkefni sem unnið er að innan ársins og síðan greinargerð um þau í ársskýrslu.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Meðf.: Notat til Statsrevisorerne om adgangen til at foretage revision og regnskabs gennemgang samt udarbejde større undersøgelser på de regionale og kommunale regnskaber (des. 2008)

Yfirlit um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu dags. 14. janúar 2014

Hvernig er hópnunum lýst?	Óljós ábyrgðarskil	Breytt framkvæmd	Breytt túlkun laga / reglna	Lagaskyldur ekki uppf.	Möguleg stærð hópsins *	Úrlausn / farvegur
Atvinnumál						
1. Virkir atvinnuleitendur sem misst hafa bótarétt hjá ATS		X			1.000 - 2.000	Hludt. tr.gjalds
2. Atvinnuleitendur sem hafa ekki áunnið sér bótarétt hjá ATS				X	400 - 600	Fjárv. til VMST
3. Námsmenn sem eru á milli anna í námi		X			2.000 - 3.000	Lagabreyting
Málefni barna						
4. Börn á grunnskólaaldri með þörf fyrir þjónustu talmeinafræðings	X				50 - 100	Verksk. samkl.
5. Börn með þörf fyrir sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum			X		1.000	Kostnaðarmat
6. Börn með fjölþættan vanda	X		X		15 - 30	Kostnaðarmat
7. Börn með ADHD-greiningu	X				500	Lagabreyting
8. Nemendur sem vilja skrá sig í framhaldsskólaáfangi				X	300	Fjárv. til framhsk.
Almannatryggingar og félagsleg aðstoð						
9. Öryrkjar sem verða fyrir búsetuskerðingum Tryggingastofnunar		X	X		300 - 500	Úttekt / greining
10. Umsækjendur um endurhæfingarlífeyri hjá TR	X				200 - 400	Úttekt / greining
Heilbrigðisþjónusta						
11. Sjúklingar með langtíma heilbrigðisvanda	X				300 - 500	Breytt örorkumat
12. Utangarðsfólk og einstaklingar með fiknsjúkdóma	X				300 - 500	Flokkun úrræða
13. Notendur heimahjúkrunar	X					
Málefni aldraðs fólks						
14. Notendur hjúkrunarheimila sem daggjöld eru greidd fyrir		X			[ath]	Endursk. daggjalda
15. Notendur dagvista fyrir aldraða	X				50 - 100	Endursk. framkv.
16. Ferðaþjónusta fyrir íbúa hjúkrunarheimila	X				30 - 50	Lagabreyting
Málefni fatlaðs fólks						
17. Notendur táknaðstúlkunar	X				300	Lagabreytingar
18. Fatlað fólk sem úrskurðað hefur verið til öryggisgæslu	X				10	Verkask. samkl.
19. Notendur með fjölþætta þjónustu og NPA-samning	X				30 - 50	Tilmæli VFRN
20. Einstaklingar á vistunardeildum Landspítala	X				10	Endurmat MF
Aðrir hópar						
21. Innflytjendur	X				500 - 1.000	Kostnaðarmat
22. Almennir notendur heilbrigðisþjónustu (lyfja, tannlækninga o.fl.)		X			[ath]	Úttekt / greining
23. Viðtakendur fjárhagsaðstoðar sem veitt er á biðtíma	X	X			100 - 300	Lagabreyting
24. Fangar í afplánun sem sækja um fjárhagsaðstoð lögheimilissvf.	X				25 - 50	Lagabreyting

* Þ.e. hve stór er sá hópur sem mögulega lendir í því að upplifa ábyrgðarskil / grá svæði á hverjum tíma. FYRIRVARI er á þessum tölum sem í fæstum tilvikum byggja á greiningu.





Yfirlit um grá svæði í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu

14. janúar 2014

1401029SA
Málalykill: 096

Á fundi stjórnar sambandsins þann 25. október 2013, var fjallað um þróun samskipta ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarmála, sérstaklega þar sem verksvið skarast og grá svæði hafa myndast í verkefnum félagsþjónustunnar. Umfjöllun stjórnar byggðist á fundargerð félagsþjónustunefndar sambandsins frá 9. október þar sem fulltrúi Reykjavíkurborgar hafði frumkvæði að umræðu um þetta efni.

Stjórn sambandsins fól lögfræði- og velferðarsviði að taka saman minnisblað um málið. Minnisblaðið var lagt fram á fundi samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga (Jónsmessunefndar) 11. nóvember 2013 þar sem samþykkt var að innanríkisráðuneytið, fyrir hönd stjórnarráðsins, kæmi að málinu eftir því sem við gæti átt.

Fundargerð Jónsmessunefndar var lögð fram á fundi stjórnar sambandsins þann 22. nóvember 2013, ásamt minnisblaði lögfræði- og velferðarsviðs. Í framhaldi af fundinum var ákveðið að gera minnisblaðið að lifandi yfirliti um stöðuna í verkaskiptingu milli ríkis og sveitarfélaga á sviði velferðarþjónustu þar sem framvinda mála og ný atriði væru færð inn eftir því sem tilefni væri til.

Atvinnumál

1. Virkir atvinnuleitendur sem misst hafa bótarétt hjá ATS

Um langt árabil var sú regla í lögum um atvinnuleysistryggingar að sá sem var tryggður samkvæmt lögnum gæti fengið samfellt greiddar atvinnuleysisbætur í fimm ár. Þessari reglu var breytt um mitt ár 2006 þannig að tímabilið var stýtt í þrjú ár. Breytingin var m.a. studd þeim rökum að atvinnuleysi væri í lágmarki og ekki þörf fyrir svo langt tímabil.

Af alkunnum ástæðum var tímabilið lengt til bráðabirgða í fjögur ár á árinu 2009 en þar var um tímabundið ástand að ræða sem ekki náði að festa sig í sessi. Af hálfu sambandsins var því haldið fram að fyllsta ástæða væri til þess að bótatímabilið yrði í það minnsta fært varanlega til þess horfs sem var fyrir kreppu. Þau rök mættu hins vegar ekki skilningi ríkisins og því er þriggja ára bótatímabil sú regla sem atvinnuleitendur þurfa að búa við. Það gerir hins augljóslega að verkum að sístækkandi hópur virkra atvinnuleitenda sækir um fjárhagsaðstoð til framfærslu hjá sveitarfélögunum.

Ríkið hefur tekið ábyrgð á þessum hópi upp að vissu marki með þátttöku í átaksverkefnum (Liðstyrkur og Atvinnutorg) og undirbúningi samninga um að Vinnumálastofnun (VMST) veiti atvinnuleitendum á fjárhagsaðstoð þjónustu. Þessar aðgerðir eru hins vegar tímabundnar og ná til takmarkaðs hóps atvinnuleitenda, þar sem öllum sveitarfélögum hefur ekki staðið til boða að fara í

samstarf við VMST um Atvinnutorg. Er það áhyggjuefni þar sem batinn á almennum vinnumarkaði hefur reynst mjög hægur.

Telja verður óeðlilegt að ríkið takmarki ábyrgð sína á þessum hópi við þátttöku í átaksverkefnum og samningum sem háðir eru fjármögnun úr ATS. Sambandið hefur ítrekað bent á að tryggja verði sveitarfélögum fjármögnun á þjónustu við þennan hóp með hlutdeild í tryggingargjaldi, sem verði við lýði þar til atvinnuástand hefur náð því marki sem var á árunum fyrir hrun. Hafa tillögur verið settar fram í þá veru.

2. Atvinnuleitendur sem hafa ekki áunnið sér bótarétt hjá ATS

Það er meginregla laga nr. 55/2006, um vinnumarkaðsaðgerðir, að allir eigi rétt á vinnumarkaðsaðgerðum, þar á meðal vinnumiðlun og þátttöku í vinnumarkaðsúrræðum óháð því úr hvaða greiðslukerfi þeir fá sína framfærslu.

Framkvæmdin hefur hins vegar verið sú allt frá gildistöku laganna að nánast öll regluleg starfsemi VMST, þ.m.t. vinnumarkaðsúrræði, er fjármögnuð úr ATS. Af ákvæðum 62. gr. laga nr. 54/2006, um atvinnuleysistryggingar leiðir að þessi fjármögnun sjóðsins skuli einungis vera fyrir þá sem eru tryggðir innan atvinnuleysistryggingakerfisins.

Með því að standa ekki við skyldur um sjálfstæða fjármögnun VMST af fjárlögum hefur ríkið vikist undan ábyrgð á þeim stóra hópi atvinnuleitenda sem af einhverjum ástæðum hefur ekki áunnið sér bótarétt hjá ATS eða langt er um liðið síðan bótaréttur var fyrir hendi. Minnt er á að fatlaðir og öryrkjar eru sérstaklega fjölmennir í þessum hópi og að þeir eiga rétt til aðstoðar VMST við leit að atvinnu sem hæfir færni þeirra og starfsgetu.

Sambandið hefur lagt áherslu á að VMST fái fjárveitingar til þess að standa undir þessum skyldum, sbr. liði 3.9.5. og 3.9.6 í stefnumörkun sambandsins, og að samningar verði gerðir við sveitarfélög um þjónustu við þennan hóp atvinnuleitenda.

3. Námsmenn sem eru á milli anna í námi

Með lagabreytingu um áramótin 2009 / 2010 voru námsmenn sviptir bótarétti úr ATS. Áhrif breytingarinnar voru milduð tímabundið með átaksverkefnum en greinilega má sjá af tölum frá sveitarfélögum að stór og sístækkandi hluti þessa námsmannahóps sækir um fjárhagsaðstoð til þess að brúa bilið í sumarleyfum, milli námsanna eða þegar farið er á milli skólastiga. Sem dæmi má nefna að árvisst kemur fram sveifla í fjölda þeirra sem fá fjárhagsaðstoð til framfærslu í Reykjavíkurborg, þannig að notendur eru 20% fleiri yfir sumarmánuðina en annars.

Sambandið varaði á sínum tíma mjög við¹ því að umrædd breyting myndi hafa þessi áhrif og í reynd væri verið að ýta vanda hópsins til frambúðar yfir á sveitarfélögin.

¹ Sjá umsögn sambandsins: <http://www.althingi.is/pdf/erindi/?lthing=138&dbnr=663>.

Málefni barna

4. Börn á grunnskólaaldri með þörf fyrir þjónustu talmeinafræðings

Allt frá yfirfærslu grunnskóla til sveitarfélaga árið 1996 hafa mál barna sem þurfa á þjálfun talmeinafræðings að halda verið óleyst milli ríkis og sveitarfélaga. Á grundvelli reglugerðar um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga er það verkefni sveitarfélaga að sjá um frumgreiningu, ráðgjöf og eftirfylgni með greiningu en að meðferð og þjálfun sé verkefni þjónustukerfa ríkisins (einkum heilbrigðisþjónustunnar).

Þrátt fyrir þessa forsendu hefur heilbrigðisráðuneytið (síðar velferðarráðuneytið) ekki viljað fallast á að verkaskiptingin sé með þessum hætti. Í rammasamningi Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) við talmeinafræðinga frá árinu 2004 var sett inn ákvæði um að barn á aldrinum 7-15 ára fái ekki sömu fyrirgreiðslu hjá SÍ og aðrir fyrr en eftir að hafa fengið þjálfun í 18 skipti hjá talmeinafræðingi sveitarfélags. Þessi samningur var gerður tvíhliða milli ríkis og fagstéttarinnar þar sem kveðið er á um ábyrgð þriðja aðila, þ.e. sveitarfélaga. Að mati sambandsins eru þetta forkastanleg vinnubrögð.

Viðræður hafa staðið um málið svo árum skiptir og þar hefur komið fram að fulltrúar velferðarráðuneytis telji að þar sem mörg sveitarfélög hafa brugðist við þessari ófremdarstöðu með því að greiða talþjálfun fyrir börn á grunnskólaaldri – umfram lagaskyldu – sé kominn á vísir að fyrirkomulagi sem ráðuneytið kýs að festa í sessi.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga viðurkennir hins vegar ekki þessa afstöðu ríkisins og felldi úrskurð þann 3. október 2012 þess efnis að SÍ skuli afgreiða beiðnir um greiðsluþátttöku vegna talþjálfunar grunnskólabarna á meðan ekki hefur fundist lausn í deilunni milli ríkis og sveitarfélaga. SÍ hefur brugðist við ástandinu með því að krefja foreldra þessara barna um yfirlýsingu sveitarfélags þess efnis að það hafi uppfyllt skyldur sínar skv. reglugerð um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga og veiti ekki frekari úrræði.

Sambandið er verulega ósátt við að SÍ velti ágreiningnum þannig yfir á foreldra í stað þess að leysa vandann með samningaviðræðum um verkaskiptingu. Ástandið er engum til sóma og því er velferðarráðuneytið hvatt til þess að taka af skarið um lausn eins og til stóð.

5. Börn með þörf fyrir sérfræðiþjónustu í leik- og grunnskólum

Reykjavíkurborg hefur bent á að þess sjáist víða staður í þjónustu við reykvísk börn að ríkisstofnanir hafi sem viðbrögð við niðurskurði og hagræðingarkröfu, þrengt skilgreiningar sínar varðandi sérfræðilegar þjónustuskilyður.

Við setningu reglugerðar nr. 584/2010, um sérfræðiþjónustu sveitarfélaga við leik- og grunnskóla, fór fram kostnaðarmat á áhrifum reglugerðarinnar. Matið byggðist á viðtekinni verkaskiptingu milli sveitarfélaga og stofnana ríkisins, þ.e. GRR, BUGL, Proska- og hegðunarstöðvar (PHS) og heilsugæslunnar.

Í matinu var komist að þeirri niðurstöðu að kostnaðarauki sveitarfélaga vegna reglugerðarinnar væri einkum vegna aukinnar skyldu við eftirfylgni að lokinni upphafsathugun, greiningu og ráðgjöf og að sá þáttur gæti numið 200 m.kr. á ári á landsvísu. Þetta mat byggðist á því að sérfræðipjónusta skóla kæmi að frumgreiningu upp að ákveðnu marki (vegna námsvanda) en að öll nánari greiningarvinna væri á ábyrgð ríkisstofnana, sbr. einkum 4. gr. laga nr. 83/2003, um Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkisins.²

Frá 2010 hefur hins vegar mátt sjá greinilega þróun í þá átt að heilsugæslan hafi skilgreint sig frá vinnslu þessara mála og vísi nú á sérfræðipjónustu skóla.³ Á sama tíma gera GRR og BUGL, meiri kröfur til efnis frumgreininga sem berast með tilvísunum, m.a. að þroskamat fylgi. Með þessu móti er greiningarvinna í málum barna í auknum mæli færð yfir til sveitarfélaga.⁴

Í áður nefndu kostnaðarmati var það sameiginleg niðurstaða sambandsins og MMRN að ástæða væri til að fylgjast áfram með þróun kostnaðar við framkvæmd reglugerðarinnar. Virðist komið á daginn að sú niðurstaða hafi átt við rök að styðjast.

6. Börn með fjölþættan vanda

Nokkur sveitarfélög hafa vakið athygli sambandsins á því að fámennur hópur barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir og fjölskyldur þeirra sé í mikilli þörf fyrir öflug, samþætta og þverfaglega þjónustu þvert á ríki og sveitarfélög.

Staðan er hins vegar sú að starfsmenn sveitarfélaganna upplifa að bæði Barnaverndarstofa og BUGL skilgreini sig frá verkefninu sem þýðir að sveitarfélögin sem sinna nærþjónustu sitja ein að því að byggja upp viðeigandi úrræði fyrir einstök börn. Þetta gildir bæði um faglega og fjárhagslega úrlausn mála.

Sambandið hefur vakið athygli velferðarráðherra á því að það er upplifun starfsmanna félagsþjónustu sveitarfélaganna að um ákveðna stefnubreytingu sé að ræða hjá Barnaverndarstofu, en áður fyrr hafi verið umtalsvert auðveldara að fá Barnaverndarstofu að borðinu í slíkum málum. Hvort þessi stefnubreyting tengist fjárskorti eða nýrri faglegri afstöðu skal ekki tekin afstaða til hér. Hins vegar er ljóst að reynslumiklir barnaverndarstarfsmenn eru á einu máli um breytta afstöðu og minni aðkomu Barnaverndarstofu að lausn erfiðra mála barna með fjölþættan vanda. Þess í stað er sveitarfélögum sagt að þau verði sjálf að koma upp úrræði fyrir slík tilfelli.

Hvað varðar ábyrgðarskilin milli ríkis og sveitarfélaga gagnvart þessum fámenna hópi barna með fjölþættan vanda hefur sambandið lagt áherslu á eftirfarandi atriði:

² Sbr. minnisblað LVS til skólastjóra og formanna skólanefnda dags. 23. mars 2011.

³ Sbr. tölvupóst PHS til sveitarfélaga dags. 4. janúar 2011.

⁴ Sbr. skýrslu vinnuhóps um sérfræðipjónustu og þjónustu við börn með sérþarfir í leik- og grunnskólum Mosfellsbæjar, lögð fyrir fund fræðslunefndar 3. júlí 2012.

Börn með fjölþættan vanda eru ekki endilega fötluð. Jafnframt er þó mikilvægt að hafa í huga að fötluð börn eiga sama rétt og önnur börn á því að njóta þjónustu heilbrigðiskerfisins og barnaverndaryfirvalda. Það felst þannig í raun mismunun í því að synja þessum börnum um úrræði sem stæðu ófötluðum börnum til boða, sem líklega fer í bága við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist í málefnum barna og fatlaðs fólks.

Sveitarfélög hafa tekið á sig auknar byrðar hvað varðar geðheilbrigisþjónustu fyrir börn og unglinga, enda á tíðum erfitt fyrir ábyrgðaraðila nærþjónustu að víkja sér undan ákalli foreldra um viðbrögð þegar börn eiga í alvarlegum fjölþættum vanda vegna þroskafráviks og geðraskana. Þjónusta GRR og BUGL á að svara þörfum þessa hóps en aðgengi þangað er áberandi þrengra nú en áður var.⁵

Sveitarfélögin hafa þannig tekið á sig ábyrgð umfram lagaskyldu í þeim málum sem hér um ræðir en þau hafa kallað eftir aðkomu ríkisins að málum enda má ljóst vera að ekki verður búið lengur við óbreytt ástand. Kallað er eftir aðkomu bæði Barnaverndarstofu og BUGL með sína fagþekkingu á geðheilbrigðismálum og fjárhagslegri aðkomu ríkisins, í samræmi við lagaskyldu Barnaverndarstofu.

Í framhaldinu skipaði þáverandi velferðarráðherra starfshóp sem var ætlað að samhæfa þjónustu ríkis og sveitarfélaga við börn sem eiga við alvarlegar þroska- og geðraskanir að etja. Hópurinn skilað nýlega af sér tillögum um efnið. Meginniðurstaða nefndarinnar er sú að þjónusta við börnin og umsjón með henni eigi heima innan kerfis málefna fatlaðs fólks og félagsþjónustu sveitarfélaga enda verði sett til þess sértilgreint fjármagn, þar sem þessi hópur var ekki inni í yfirfærslu málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaganna.

7. Börn með ADHD-greiningu

Samstarfsverkefni hefur verið við lýði um árabíl, þar sem ríki, sveitarfélög og fleiri aðilar hafa sameinast um úrbætur í stöðu barna með ADHD-greiningu. Grundvöllur starfsins er skýrsla frá árinu 2008 um þetta efni þar sem lýst er þeirri stöðu að margir framkvæmdaáðilar komi að einstökum þjónustuþáttum.⁶ Tillögur skýrslunnar hafa verið útfærðar í samstarfssamningum þar sem ráðuneyti hafa lagt fram fé til þess að standa undir verkefnum. Er það í samræmi við þá forsendu að það sé ekki lögbundin skylda sveitarfélaga að sjá um þjónustu við ADHD-hópinn.

⁵ Þetta kom skýrt fram í heimsóknnum samninganefndar SNS í fimm grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu í febrúar 2013. Tilgangur fundanna var m.a. að kynna innviðum íslensks skólastarfs og fá fram sjónarmið stjórnenda um daglegt starf innan veggja grunnskólans og starfsumhverfi kennara. Eru skólastjórnendur á einu máli um að forgangsverkefni í íslensku skólastarfi sé að taka á þeim heilbrigðisvanda sem grunnskólinn hafi tekið upp á sína arma. Er bent á skort á úrræðum við nemendur með hegðunar- og tilfinningavanda og þá sérstaklega geðrænan vanda og að erfitt sé að fá þjónustu frá þeim aðilum sem standa utan skólans og eiga að vera í bakhópi eins og GRR, BUGL og barnaverndaryfirvöld. Var t.d. bent á að bráðaþjónusta sé veitt á göngudeild BUGL en þar er oft yfirflæði þannig að upp hefur komið að deildin er orðin yfirfull um hádegi og getur ekki tekið við fleiri neyðartilvikum né veitt ráðgjöf þann daginn eða yfir lengri tímabil.

⁶ <http://www.velferðarraduneyti.is/media/acrobat-skjol/ADHDskýrslaApril2008.pdf>.

Framlög ráðuneyta til þessara verkefna fara nú ört lækkandi og vekur það upp þá spurningu hvernig bregðast eigi við. Af hálfu sveitarfélaganna hefur verið bent á að foreldrar barna í þessum hópi hafi byggt upp ríkar væntingar um þjónustu sveitarfélaga sem nauðsynlegt sé að standa við. Sveitarfélögin geti hins vegar ekki tekið að sér að bæta upp samdrátt í framlögum ríkisins.

Að mati sambandsins er áriðandi að samstarfs- og reynsluverkefni af þessu tagi, þ.e. þegar ríki og sveitarfélög taka höndum saman um að móta nýja þjónustu, séu tekin formlega út og metið hvort eðlilegt og réttmætt sé að gera umrædda þjónustu að lögbundinni skyldu sveitarfélaga. Verði niðurstaðan sú verði samhliða frumvarpi framkvæmt kostnaðarmat sem endurspeglir raunverulegan kostnað sveitarfélaga af því að taka þjónustupáttinn alfarið yfir.

Sú staða er hins vegar óásættanleg að verkefnum sé ýtt yfir á sveitarfélög og þau skilin þar eftir þegar og ef ríkið kýs að draga sig út úr tímabundnum samstarfssamningum.⁷

8. Nemendur sem vilja skrá sig í framhaldsskólaáfangi

Samkvæmt 26. grein laga um grunnskóla nr. 81/2008 eiga grunnskólanemendur „...rétt á að stunda nám í einstökum námsgreinum á framhaldsskólastigi meðan þeir eru í grunnskóla ... Skólastjóri í grunnskóla veitir nemanda heimild til slíks náms utan ...“. Mikill fjöldi nemenda nýtti sér þennan möguleika fyrir efnahagshrunið en við niðurskurð fjárframlaga til framhaldsskóla var lokað á þennan lögbundna rétt grunnskólanemenda.

Á grundvelli beiðni allsherjar- og menntamálanefndar var samráðshópi um innritun í framhaldsskóla falið að gera samantekt á námi grunnskólanemenda á framhaldsskólastigi og skila tillögum að reglum á framkvæmd þess til mennta- og menningarmálaráðherra. Skýrslan er dagsett 27. mars 2012. Þar er lagt til að að þessi leið verði gerð fær að nýju til þess að auka á þá samfellu og flæði milli skólastiga sem ný menntalög leggja til grundvallar. Að því var stefnt að fjármagn til þess kæmi inn í fjárlögin fyrir 2013. Af því varð ekki og núverandi menntamálaráðherra hefur kveðið uppúr með það að fjárveiting fari ekki inn í fjárlög fyrir 2014.

Það sem gerst hefur, eins og í svo mörgum málum öðrum, er að einstaka sveitarfélög, í samstarfi við framhaldsskóla á svæðinu, hafa séð til þess að þeir grunnskólanemendur sem uppfylla skilyrði komist í framhaldsskólaáfangi á kostnað foreldra og sveitarfélags. Hætt er við að ríkið ákveði, sbr. þróunina í talþjálfunarmálum grunnskólabarna, að við þetta fari að „skapast hefð“, þ.e. að sveitarfélög hafi tekið að sér að sinna þessu verkefni ríkisins og frekari fjármunir fari ekki frá ríkinu til þess. Það verður ekki við það unað að ríkið geti valið að gera einstök lagaákvæði óvirk sem svo óhjákvæmilega leiði til kostnaðarauka

⁷ Hliðstæð staða er uppi varðandi lengda viðveru fyrir fötluð börn í grunnskóla og fatlaða framhaldsskólanema. Í samningum sem gerðir voru um það verkefni er ákvæði um að tekin verði afstaða til þess hvort þessi þjónustupáttur verði lögbundinn sem hluti af félagsþjónustu sveitarfélaga.

sveitarfélaga sem reyna að viðhalda tilteknu þjónustustigi gagnvart íbúum sínum. Framhaldsskólinn er ekki á rekstrarforræði sveitarfélaga ennþá.

Almannatryggingar og félagsleg aðstoð

9. Öryrkjar sem verða fyrir búsetuskerðingum Tryggingastofnunar

Frá árinu 2008 hefur fjölgað mjög í hópi öryrkja sem fá skertar greiðslur frá TR á grundvelli reglna um að horft sé til búsetu erlendis á tímabilinu fram að örorkuatburði við ákvörðun lífeyris- og bótafjárhæða.

Samkvæmt fyrirbyggjandi tölum má sjá að öryrkjum, búsettum hér á landi, sem sæta búsetuskerðingu fjölgaði úr 402 í 686 frá árinu 2009 til 2012.⁸ Fjöldunin nemur um 70% og benda bráðabirgðatölur fyrir yfirstandandi ár til þess að þróunin hafi haldið áfram. Ljóst er að þessir einstaklingar búa við skertar greiðslur ævilangt enda gilda sambærilegar reglur einnig um ellilífeyrisþega, þannig að hlutfallslega skertur ellilífeyrir tekur við af hlutfallslega skertum örorkulífeyri við 67 ára aldur.⁹

Umræddar búsetuskerðingar eru rökstuddar með því að þeir sem búsettir hafi verið erlendis geti sótt hlutfallslegar bætur (vegna örorku eða elli) til fyrra búsetulands. Fram kemur hins vegar í fyrrgreindu svari velferðarráðherra á Alþingi að 579 einstaklingar af þeim 686 sem fá greiddan hlutfallslegan lífeyri hafi gefið TR þær upplýsingar að þeir fengju engan lífeyri frá fyrra búsetulandi. Hlutfallið er 85%.

Þá liggur fyrir að á umræddu tímabili hefur framkvæmd TR varðandi búsetuskerðingar öryrkja margsinnis verið breytt og m.a. þannig að skerðing nær nú einnig til sérstakrar uppbótar á lífeyri vegna framfærslu, en sú uppbót er veitt ef sýnt þykir að bótaþegi geti ekki framfleytt sér án þess. Vekur sérstaka athygli að í málum sem varða skerðingar er jafnan vísað til þess af hálfu TR að félagsþjónusta sveitarfélaga sé „grunnöryggisnet þjóðfélagsins“ og eigi að taka við tilvikum þar sem greiðslur TR eru skertar þrátt fyrir að heildartekjur einstaklings séu sannanlega lægri en sem nemur framfærsluviðmiði almannatryggingalaga.

Sambandið hefur lýst sig algerlega ósammála þessari framkvæmd og bent á að lögum samkvæmt sé fjárhagsaðstoð sveitarfélaga ætlað að vera tímabundin neyðarráðstöfun. Engin lagastoð sé fyrir því að breyta hlutverki félagsþjónustu sveitarfélaga þannig að hún standi undir framfærslu einstaklinga og fjölskyldna um áratugaskeið eða ævina á enda.

Úrskurðarnefnd almannatrygginga hefur ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að breytt réttarframkvæmd TR varðandi búsetuskerðingar eftir 2008 fái ekki beina stoð í lögum um almannatryggingar og því hefur ákvörðunum stofnunarinnar þar

⁸ Svar VFRH við spurningu nr. 1: <http://www.althingi.is/altext/141/s/1266.html>.

⁹ Ellilífeyrisþegum sem sæta búsetuskerðingum hefur fjölgað lítillega á árabílinu 2008 til 2012 en hlutfall skerðinga innan hópsins er til muna lægra en hjá öryrkjum.

að lútandi verið hnekk. Með ólíkindum er hins vegar að TR hefur hunsað slíka niðurstöðu og borið við „misskilningi“ af hálfu æðra stjórnvalds.

Sambandið aflar nú upplýsinga um það hve margir af þeim sem sæta búsetuskerðingum hafi sótt um fjárhagsaðstoð sveitarfélaga hér á landi. Þegar þær upplýsingar liggja fyrir mun verða óskað eftir fundi með stjórnendum TR og embættismönnum VFRN til þess að fara yfir málið.

10. Umsækjendur um endurhæfingarlífeyri hjá TR

Endurhæfingarlífeyrir er greiddur einstaklingum á aldrinum 18-67 ára þegar ekki er ljóst hver starfshæfni þeirra verður til frambúðar í kjölfar sjúkdóma eða slysa. Er meginskilyrði fyrir samþykki umsóknar að umsækjandi taki þátt í endurhæfingu með starfshæfni að markmiði.

Áður en til mats á endurhæfingarlífeyri kemur þarf umsækjandi að hafa lokið áunnum rétti sínum til veikindalauna frá atvinnurekanda, sjúkradagpeningum frá sjúkrasjóði stéttarfélags og eiga ekki rétt á atvinnuleysisbótum.

Endurhæfingarlífeyrir er almennt greiddur í allt að 18 mánuði en ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi er hægt að lengja greiðslutímabilið um aðra 18 mánuði.

Þegar staðtölur TR eru skoðaðar vekur athygli að ívíð færri fengu greiddan endurhæfingarlífeyri í desember 2012 (1.235 manns) en var í desember 2009 (1.240 manns).¹⁰ Þá liggur fyrir að þann 1. nóvember sl. fengu 1.144 einstaklingar greiddan endurhæfingarlífeyri.¹¹ Er það nánast sami fjöldi og var í desember 2008 (1.137).

Fjöldi lífeyrisþega í þessum bótaflokki rokkar vissulega nokkuð milli ára og ársfjórðunga, en fyrirfram hefði mátt ætla að umtalsverður hluti þess hóps sem hefur verið að detta út af atvinnuleysisbótum á síðustu misserum myndi sækja um endurhæfingarlífeyri í ljósi þeirrar afar sterku fylgni sem er á milli langtímaatvinnuleysis og margvíslegs heilsubrests.

Sambandið telur að draga þurfi fram ástæður þess að (samþykktar) umsóknir um endurhæfingarlífeyri skuli ekki vera fleiri en raun ber vitni. Þá þarf einnig að greina hversu algengt er að greiðslutímabil sé lengt og hvort þörf sé á því að endurskoða almennt framkvæmd TR í þessum bótaflokki.

Meðal þess sem þar kemur til skoðunar er hvort meiri kröfur séu gerðar til starfsþjálfunaráætlana en áður. Séu auknar kröfur gerðar getur það leitt til þess að lengri bið verði eftir því að komast í starfsþjálfunarúrræði, sem aftur gerir það að verkum að einstaklingar fá greidda fjárhagsaðstoð lengur en áður var meðan beðið er eftir slíku úrræði.

¹⁰ http://www.tr.is/media/tolutidindi/Tolutidindi_3_13_tolublad.pdf.

¹¹ Tölvupóstur TR dags. 7. nóvember 2013.

Heilbrigðisþjónusta

11. Sjúklingar með langtíma heilbrigðisvanda

Fram kemur í gögnum sem Reykjavíkurborg hefur tekið saman að sífellt stærri hluti þeirra sem fær fjárhagsaðstoð til framfærslu er óvinnufær vegna sjúkdóms svo mánuðum og misserum skiptir. Leggja hlutaðeigandi einstaklingar fram vottorð þar að lútandi sem gefin eru út af heilbrigðiskerfinu. Algengt er að þessi vottorð lýsi geðsjúkdómum.

Ráðgjafar borgarinnar telja að stór hluti þessa hóps ætti að vera í örorkumatsferli enda sé það ekki hlutverk fjárhagsaðstoðar sveitarfélaga að standa undir langtímaframfærslu þeirra sem ekki geta séð sér farborða vegna veikinda.

12. Notendur heimahjúkrunar

Forsvarsmenn félagsþjónustu hjá sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu hafa vakið máls á óljósum rétti einstaklinga til heimahjúkrunar. Er þar vísað til þess að stjórnvaldsákvæðanir hafi verið teknar innan heilsugæslunnar þar sem svo virðist sem einhliða endurskilgreining hafi farið fram á því hvað felist í þjónustubáttum heimahjúkrunar.

13. Utangarðsfólk og einstaklingar með fíknisjúkdóma

Hér er um að ræða hóp sem er á gráu svæði milli heilbrigðisþjónustu og félagsþjónustu. Einstaklingar í hópnum eiga flestir sammerkt að hafa átt við langvarandi heilsufarsvanda að stríða og í mörgum tilvikum er til staðar löng saga meðferðar og endurhæfingar án þess að árangur hafi verið í samræmi við úrræði.

Að mati sambandsins breytir sú staðreynd hins vegar hvorki eðli vandans né þeirri verkaskiptingu sem fylgja ber. Því stingur mjög í augu að ríkið skuli í frv. til fjárlaga fyrir árið 2014 hætta framlagi til reksturs búsetuúrræða sem Reykjavíkurborg hefur staðið fyrir um árabíl í samvinnu við SÁÁ.

Leggja verður áherslu á að flokka úrræði samkvæmt því meginmarkmiði sem þeim er ætlað að þjóna. Meðferðarúrræði, þar sem fyrst og fremst er verið að fást við vímuefnasjúkdóma, þurfa að njóta afgerandi stuðnings og fjármögnunar frá heilbrigðisþjónustunni og endurhæfingarúrræðum jafnvel þótt notendur þjónustunnar hafi jafnframt greiningu um geðfötlun.

Komið hefur á daginn að í faglegu tilliti er mjög óheppilegt að flokka þessi úrræði sem sérhæfða félagsþjónustu fyrir fatlað fólk. Hins vegar bera sveitarfélög skyldu til þess að veita þessum einstaklingum stuðning við athafnir daglegs lífs og hæfingu sem fötlun þeirra kallar á.

Málefni aldraðs fólks

14. Notendur hjúkrunarheimila sem daggjöld eru greidd fyrir

Útreikningi á greiðslu daggjalda til margra hjúkrunarheimila er reglulega breytt að því er virðist til þess að laga daggjöldin að hagræðingarkröfu, sem frá 2009 hefur

verið umtalsverð á hverju ári. Af þessari ástæðu endurspeglar daggjöldin ekki raunverulegan kostnað af rekstri hjúkrunarheimila og má leiða að því rök að bilið milli daggjalda og kostnaðar fari sífellt stækkandi.

Allmörg hjúkrunarheimili eru rekin af sveitarfélögum, að hluta eða öllu leyti. Þá hafa önnur hjúkrunar- og dvalarheimili sent inn styrkbeiðnir til hlutaðeigandi sveitarstjórna til þess að mæta hallarekstri. Þar sem um mikilvæga nærþjónustu er að ræða hafa sveitarfélögin yfirleitt reynt eftir fremsta megni að koma til móts við slíkar beiðnir enda þótt aðstoðin feli í raun í sér niðurgreiðslu sveitarfélaga á öldrunarþjónustu.¹² Ljóst er á hinn bóginn að látlaus samdráttur í greiðslum ríkisins til þessara hjúkrunarheimila bitnar einnig á þeirri þjónustu sem veitt er.

Staða mála hefur fengið sérstaka greiningu á Suðurnesjum eins og rakið er í skýrslu frá því í ágúst 2013.¹³ Niðurstöður þeirrar skýrslu eru sláandi um það hvað fyrirbyggjandi kerfi byggist í ríkum mæli á geðþóttaákvörðunum, bæði hvað varðar daggjöld en ekki síður varðandi úthlutanir úr Framkvæmdasjóði aldraðra. Leiðir greiningin skýrt í ljós að Suðurnes (og Vestfirðir raunar einnig) hafa setið eftir í áherslum ríkisins á sviði öldrunarmála.

15. Notendur dagvista yngri en 67 ára

Af hálfu sambandsins hefur verið bent á skörun ákvæða, annars vegar í lögum nr. 125/1999, um málefni aldraðra, og hins vegar í lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðra. Af þessari skörun spretta margvísleg álitamál um hvaða áhrif aldursmarkið 67 ára hafi á þjónustu skv. hvorum lögum fyrir sig.

Eftir því sem næst verður komist hafa sveitarfélögin almennt beitt því viðmiði að tilkall til þjónustu sem notandi hefur fengið skv. lögum nr. 59/1992 falli ekki niður við 67 ára aldur, heldur sé rétt að veita notanda áfram þjónustu, að teknu tilliti til þeirrar þjónustu sem honum stendur til boða úr þjónustukerfi aldraðra. Hins vegar eigi notandi ekki tilkall til þjónustu skv. lögum nr. 59/1992 ef hann fatlast eftir að 67 ára aldri er náð.

Þessi viðmið byggjast á ákveðinni venju sem mun hafa verið við lýði á flestum svæðisskrifstofum ríkisins fram að yfirfærslunni 1. janúar 2011.

Að teknu tilliti til slíkra sjónarmiða skýtur það skökku við að mati sambandsins að snúi málið á hinn veginn skuli velferðarráðuneytið beita lögskýringu sem beinlínis hefur í för með sér að útiloka fatlað fólk yngra en 67 ára, frá því að njóta dagdvalar í þjónustu- og félagsmiðstöðvum aldraðra.¹⁴ Ber þessi afstaða með sér að skyldur sveitarfélaga skuli túlkaðar rúmt en skyldur ríkisins þröngt.

¹² Víða er um stórar fjárhæðir að ræða, sbr. það að Akureyrarbæ reiknast til að framlag hans til öldrunarþjónustu, umfram greiðslur frá ríkinu, nemi 254 m.kr. á árinu 2013.

¹³ *Garðvangur hjúkrunarheimili, greining og tillögur fyrir Sveitarfélagið Garð og Sandgerðisbæ*. Skýrsluhöfundur er Haraldur L. Haraldsson hagfræðingur.

¹⁴ Sbr. bréf velferðarráðuneytisins til Akureyrarbæjar, dags. 30. september 2013, þar sem synjað er beiðni um undanþágu vegna tveggja fatlaðra einstaklinga sem báðir eru 65 ára gamlir.

16. Ferðaðþjónusta fyrir íbúa hjúkrunarheimila

Samkvæmt kröfulýsingu velferðarráðuneytisins fyrir öldrunarþjónustu (útgáfa 2, dags. 24. janúar 2013) skal þjónustuaðili leitast við að gefa kost á ferðum út í samfélagið á eigin kostnað heimilismanna svo komið verði á móts við þarfir sem flestra til félagslegra samskipta og samveru. Ennfremur er kveðið á um skyldu hjúkrunarheimilis til að veita heimilismanni nauðsynlega sjúkraflutninga sem á meðal annars við um heimsóknir til sérfræðilækna og rannsóknir vegna meðferðar. Bera hjúkrunarheimili allan kostnað af þeim flutningi.

Í þessum þjónustubætti kemur fram grátt svæði í þeim tilvikum þar sem íbúi hjúkrunarheimilis er yngri en 67 ára, en jafnframt þegar íbúi hefur notið ferðaðþjónustu skv. reglum sem settar eru á grundvelli laga um málefni fatlaðs fólks.

Úrskurðarnefnd félagsþjónustu og húsnæðismála m.a. nefnt í úrskurðum sínum um ferðaðþjónustu fyrir fatlað fólk að lög um málefni fatlaðs fólks og lög um málefni aldraðra skarist að einhverju leyti.¹⁵ Nefndin tekur þó jafnframt fram að hvorki í lagaákvæðum um ferðaðþjónustu né lögskýringargögnum með þeim komi fram að það hafi verið ætlun löggjafans að undanskilja sérstaklega fatlað fólk sem býr á hjúkrunarheimili eða í þjónustu- og öryggisíbúð frá því að njóta ferðaðþjónustu.

Málefni fatlaðs fólks

17. Notendur táknmálstúlkunar

Í aðdraganda að setningu laga nr. 61/2011, um stöðu íslenskrar tungu og íslensks táknmáls, var tekist nokkuð á um það hvernig fjallað yrði í lögum um skyldur ríkis og sveitarfélaga gagnvart notendum táknmáls og táknmálstúlkunar.

Af hálfu sambandsins var gerð skýr krafa um að slíkar skyldur færu í gegnum kostnaðarmat gagnvart sveitarfélögum þar sem um afar viðamikil mál væri að ræða. Í því sambandi var á það benti hvaða kostnað skólar hefðu haft af túlkun í framhaldi af setningu nýrra menntalaga sumarið 2008.

Ekki var orðið við kröfu sambandsins og í kostnaðarmati fjármálaráðuneytis vegna ríkisstofnana var reynt að draga úr því að kveðið væri á um „rétt“ til aðstoðar, hvort sem um væri að ræða þá sem nota táknmál eða útlendinga sem ekki skilja íslensku. Lagt var upp með að frumvarpið fæli í sér „almenn stefnumið“ sem

